

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**
Dagsetning: **06.06.2018**
Málsnúmer: **FJR18030073**
Bréfalykill: **3.4**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, nr. 130/2016, með síðari breytingum

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um brottfall laga um kjararáð nr. 130/2016 með síðari breytingum segir að málum einstakra aðila sem falla undir ákvæði 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og ekki er lokið hjá kjararáði fyrir gildistöku laga þessara skuli lokið samkvæmt ákvæðum 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Með ákvæðinu er ekki verið að fela fjármála- og efnahagsráðherra ótakmarkað vald til ákvörðunar launa þessum aðilum til handa heldur er launaákvörðun aðila vísað í sama farveg og annarra embættismanna sem ekki höfðu mál til skoðunar hjá kjararáði þann 1. júlí 2017.

Í 39. gr. a laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er nýju launaákvörðunarfyrirkomulagi þeirra sem undir ákvæðið falla nánar lýst. Þar segir að fjármála- og efnahagsráðherra ákveði föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við grunnmat starfs viðkomandi forstöðumanns og önnur laun er starfinu fylgja. Ráðherra ákveði einnig hverjar skuli vera forsendur grunnmats og skuli þar einkum horft til umfangs og ábyrgðar starfsins. Í 39. gr. a er einnig mælt fyrir um að ráðherra ákvarði jafnframt forsendur viðbótarlauna og starfskjör forstöðumanna. Það er þá á ábyrgð hlutaðeigandi ráðherra, eða eftir atvikum stjórn, að ákvarða greiðslu viðbótarlauna, innan ramma hinna almennu forsendna sem ráðherra setur og skal hún vera tímabundin til allt að tveggja ára í senn. Við ákvörðun kjara samkvæmt grein 39. a skal sérstaklega gæta samræmis við þau kjör hjá ríkinu sem byggjast á kjarasamningum og skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Ráðherra skal eigi sjaldnar en árlega meta hvort tilefni sé til að endurmeta fjárhæðir til samræmis við sameiginlega launastefnu á vinnumarkaði eða önnur viðmið sem lýsa almennri launaþróun á vinnumarkaði.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur falið sérstakri starfseiningu, kjara- og mannauðssýslu ríkisins, að undirbúa hið nýja launaákvörðunarfyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 39. gr. a. Við þann undirbúning hefur verið haft samráð við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og hlutaðeigandi ráðherra um forsendur grunnmats starfa, annarra launa og viðbótarlauna.

